



## Fjárhagsmat flugrekenda

Fjárhagur starfandi flugrekenda og umsækjanda um flugrekstrarleyfi skal staðfestur af Samgöngustofu m.t.t. ákvörðunar um útgáfu og gildi flugrekstrarleyfa. Tilgangur verklagsreglunnar er:

- i) Að tryggja að skil fjárhagsgagna flugrekenda til Samgöngustofu séu gerð með réttum hætti og á réttum tíma.
- ii) Að mat SGS á fjárhagsgögnum og fjárhag flugrekenda sé unnin í samræmi við gildandi kröfur og gögn um matið skjalfest.
- iii) Að fjárhagsmatið feli í sér sérstakt ítarlegra mat þegar tilefni er til. Það getur verið vegna fjárhagserfiðleika eða vísbendinga þar um og /eða þegar fjárhagslegar skorður eru til staðar sem varða flugöryggi.

Að jafnaði skal óska eftir nákvæmari gögnum fyrir flugrekendur sem reka loftför með a.m.k. 20 farþegasætum heldur en þegar um minni loftför er að ræða (færri en 20 farþegasæti og /eða MTOM undir 10 tonnum) eða eingöngu vöruflutninga. Þó skal það grundvallarviðmið ávallt gilda við mat á fjárhag að það hafi ekki áhrif á rekstarþætti er varða flugöryggi þ.m.t. viðhald og þjálfun.

## Framkvæmd

### 1. Mat á fjárhag

Samgöngustofa gerir kröfu um framlagningu fjárhagsgagna til grundvallar fjárhagsmats vegna eftirfarandi tilvika.

1. Fyrir umsækjendur um flugrekstrarleyfi í fyrsta sinn
2. Fyrir umsækjendur um flugrekstrarleyfi í fyrsta sinn með minni loftför (færri en 20 farþegasæti og /eða MTOM undir 10 tonnum)
3. Viðvarandi eftirlit - árleg afhending fjárhagsgagna starfandi flugrekenda
4. Vegna viðamikilla breytinga í starfsemi flugrekenda.
5. Í sérstökum tilfellum þegar tilefni er til ítarlegra eftirlits t.d. vegna fjárhagserfiðleika eða vísbendinga þar um.

Um áherslumun getur verið á gagnaskilum eftir tegund flugrekstrar og stærð á loftförum í rekstri.



## 1.1 Umsókn um flugrekstrarleyfi í fyrsta sinn

Umsækjandi skal leggja fram gögn skv. 5. gr. rg. 1008/2008 sbr. einnig 1. gr. í viðauka 1. Taka skal mið af umfangi rekstarar eins nákvæmlega og unnt er þ.m.t. vegna tegunda og fjölda loftfara, fyrirkomulagi viðhalds og annarra þátta sem kunna að skipta máli.

Fyrirtæki skal geta hvenær sem er í 24 mánuði frá upphafi reksturs staðið við raunverulegar og mögulegar skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem kann að verða stofnað til. Ennfremur skal fyrirtækið geta í þrjú mánuði frá upphafi rekstrar staðið undir föstum útgjöldum og rekstrarkostnaði sem stofnað er til vegna starfsemi skv. viðskiptaáætlun og á grundvelli raunhæfra forsendna án þess að tekið sé tillit til hvers konar tekna af rekstrinum.

Samgöngustofa kallar eftir gögnum í samráði við tilnefnda sérfræðinga sem leggja mat á gögnin. Í meginatriðum er um að ræða eftir því sem við á:

- viðskiptaáætlun sem tekur til a.m.k. fyrstu þriggja ára í rekstri.
- nýjustu milliuppgjör / stjórnendauppgjör og ársreikningur fyrir fyrra fjárhagsár ef hann liggur fyrir
- áætlaður efnahagsreikningur til næstu þriggja ára, að meðtöldum rekstrarreikningi
- forsendur að baki áætluðum útgjalda- og tekjuliðum, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, váttryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur
- upplýsingar um stofnkostnað fyrir tímabilið frá því umsókn er lögð inn þar til reksturinn hefst og skýring á því hvernig fyrirhugað er að fjármagna þennan kostnað
- upplýsingar um fyrirliggjandi og fyrirhugaða fjármögnun
- upplýsingar um hluthafa, þ.m.t. þjóðerni og fyrirhuguð tegund hlutabréfa, og stofnsamþykktir. Ef umsækjandi er hluti af hóp fyrirtækja, upplýsingar um tengslin á milli þeirra
- sjóðstreymisýfirlit og lausafjáraætlanir fyrstu þrjú rekstrarárin
- upplýsingar um fjármögnun kaupa/leigu á loftförum, þ.m.t. samningsskilmálar og -skilyrði ef um leigu er að ræða.

## 1.2 Starfræksla minni loftfara

Fyrirtæki sem sækja um flugrekstrarleyfi sem tekur til loftfara með minna en 10 tonna hámarksflugtaksmassa (MTOM) og/eða færri en 20 sætum skulu sýna fram á að hreint eigið (e. net capital) fé þeirra nemi a.m.k. 100 000 evrum eða leggja fram sambærileg gögn og við á fyrir flugrekendur sem starfrækja stærri loftför sbr. kafli 1.1 hér að framan.

Samgöngustofu er heimilt að ákveða að fyrirtæki sem starfrækja minni loftför skuli uppfylla sambærilegar kröfur og gerðar eru til stærri fyrirtækja ef ætlunin er að stunda áætlunarflug eða ef veltan er yfir 3 milljónir evra.



### 1.3 Viðvarandi eftirlit á fjárhag - árleg afhending fjárhagsgagna flugrekanda

Flugrekandi á að láta eftirfarandi upplýsingar í té á meðan flugrekstrarleyfi er í gildi. Nánar tiltekið:

a) Árlega

- Ársreikningur, þegar hann hefur verið staðfestur af aðalfundi og eigi síðar en sex mánuðum eftir síðasta dag viðkomandi fjárhagsárs. Ef þörf krefur skal afhenda síðasta efnahagsreikning úr rekstrarbókhaldi.
- Áætlaður efnahagsreikningur komandi árs, að meðtöldum rekstrarreikningi.
- Sundurliðaðir útgjalda- og tekjuliðir sem stofnað hefur verið til og þeir sem áætlaðir eru, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, váttryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur.
- Sjóðstreymisýfirlit og lausafjáráætlanir næsta árs.
- Staðfesting á tryggingum.

b) Flugrekandi skal afhenda eftirfarandi gögn ef Samgöngustofa telur það nauðsynlegt og tilkynnir flugrekanda um það.

- Rekstraryfirlit síðasta mánaðar ásamt lausafjáryfirliti og efnahagsreikningi (án tillits til endurskoðunar eða staðfestingar stjórnar)

c) Jafnskjótt og tilefni er til (breytingar)

- Tilkynningar um verulegar breytingar samkvæmt lið 3. hér á eftir, og uppfærðar áætlanir með tilliti til slíkra breytinga

Ef flugrekandi hefur ekki skilað inn ársreikningi jafnskjótt og þeir liggja fyrir eða fyrir 15. júlí hvers árs, hvort sem á undan er, skal SGS ítreka afhendingu gagnanna skriflega. Gefa skal gefa 14 daga frest til að afhenda gögnin. Ef gögnin eða viðeigandi upplýsingar berast ekki skal flugrekstrardeild SGS senda erindi til viðkomandi aðila í samráði við tilnefnda sérfræðinga.

Gögnin eru send til tilnefndra sérfræðinga SGS sem meta hvort flugrekandi uppfylli ákvæði reglugerðar ESB nr. 1008/2008 en samkvæmt 1. mgr. 8. gr. skal flugrekandi ávallt vera fær um að sýna fram á að hann fullnægi kröfum II. kafla reglugerðarinnar. Krafa er meðal annars gerð um að flugrekandi geti staðið við raunverulegar skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem stofnað kann að verða til á næstu 12 mánuðum, sbr. 1. mgr. 9. gr. í reglugerðinni.

Við mat á gögnunum skal sérstaklega kanna hvort forsendur séu taldar raunhæfar og óska skal eftir nánari upplýsingum, t.d. næmnigreiningum eftir því sem ástæða þykir til. Eftir yfirferð og mat gagnanna af tilnefndum sérfræðingum SGS skulu þeir senda flugrekstrardeild SGS umsögn um stöðu fjármála hjá flugrekanda þ.e. um hvort staðan er jákvæð eða kalli á frekari athugun.

Kalli framangreint mat á nánari skoðun eða ef áætlanir eru ekki í samræmi við gögn sem hafa verið lögð fram skulu tilnefndir sérfræðingar SGS ásamt fulltrúum SGS funda með ábyrgðarmanni flugrekandans þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðu fjárhagsmatsins. Sjá nánar í lið 1.5 þegar farið er í sérstakt mat vegna fjárhags.



## 1.4 Mat á fjárhag vegna veigamikilla breytinga í starfsemi flugrekanda

Í samræmi við 5. mgr. b.lið 8 gr. ber flugrekenda að tilkynna um veigamiklar breytingar í starfsemi sinni er varða m.a. þjónustu á nýjum flugleiðum til nýrra svæða, breytinga á eignarhaldi o.fl. Gögn sem eru metin í því samhengi eru skilgreind í 2. gr. 1. viðauka við 1008/2008 og eru í meginatriðum:

- Ef nauðsyn krefur, nýjustu milliuppgjör / stjórnendauppgjör og ársreikningur fyrir fyrra fjárhagsár.
- Ítarlegar upplýsingar um allar fyrirhugaðar breytingar, t.d. breytingar á tegund þjónustu, fyrirhuguð yfirtaka eða samruni, breytingar á hlutafé, breytingar á hluthöfum o.s.frv.
- áætlaður efnahagsreikningur yfirstandandi fjárhagsárs, að meðtöldum rekstrarreikningi, ásamt öllum fyrirhuguðum breytingum á skipulagi eða starfsemi sem hafa veruleg fjárhagsleg áhrif.
- sundurliðaðir útgjalda- og tekjuliðir sem stofnað hefur verið til og þeir sem áætlaðir eru, s.s. eldsneyti, flugfargjöld og farmgjöld, laun, viðhald, afskriftir, gengissveiflur, flugvallargjöld, flugleiðsögugjöld, gjöld fyrir afgreiðslu á jörðu niðri, váttryggingar o.s.frv. Áætluð umferð/tekjur.
- sjóðstreymisyfirlit og lausafjáraætlanir næsta árs, ásamt öllum fyrirhuguðum breytingum á skipulagi eða starfsemi sem hafa þýðingarmikil fjárhagsleg áhrif.
- upplýsingar um fjármögnun kaupa/leigu á loftförum, þ.m.t. samningsskilmálar og -skilyrði ef um leigu er að ræða.

Óskað skal eftir viðbótargögnum ef tilnefndir sérfræðingar SGS telja það nauðsynlegt, t.d. vegna næmnigreiningar vegna áætlana.

SGS skal upplýsa flugrekendur um framangreinda tilkynningarskyldu.

## 1.5 Ítarlegt mat á fjárhag í sérstökum tilvikum þ.m.t. vegna vísbendinga um fjárhagslega erfiðleika

Ef vísbendingar eru um að ótrygga fjárhagsstöðu skal kallað eftir gögnum í samráði við tilnefnda sérfræðinga SGS (skv. mati sérfræðinga hverju sinni). Samgöngustofa hefur viðtækar heimildir til þess að afla frekari gagna eftir því sem við á hvenær sem er á starfsleyfistíma flugrekanda, sbr. sbr. 4. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.

Við skoðun á þessum viðbótargögnum skal sannreyna, eftir því sem tilefni er til, trúverðugleika áætlana félagsins og hvort fjárhagur þess uppfyllir kröfur II. kafla reglugerðarinnar. Ef mat á gögnum sýni fram á að greinilegar vísbendingar eru um fjárhagsvanda skal án tafar hefja ítarlegt mat á fjárhagsstöðu flugrekandans og það skal tilkynnt með formlegum hætti.

Tryggja skal að samráð sé á milli tilnefndra sérfræðinga SGS og sérfræðinga SGS í flugöryggislegum þáttum er varða flugrekstur, þjálfun og viðhald. Lögfræðideild SGS skal virkjuð til samráðs og styðja við ferlið.

Grípa skal til nauðsynlegra úrræða í eftirliti til að upplýsingar um fjárhag séu eins réttar og kostur er m.t.t. ákvarðana um gildi flugrekstrarleyfis. Slík úrræði geta t.d. falist í:



### **Krafa um nánari gögn**

- Kallað eftir nánari gögnum og greiningum. Sem dæmi áætlunum um hvernig flugrekandi hyggst styrkja eigið fé og tryggja rekstrarhæfi.
- nýjasta innanhúsuppgjör, áætlun fyrir rekstur, áætlaðan efnahagsreikning og áætlað sjóðstreymi.
- Sviðsgreiningum þar sem mikilvægar rekstrarforsendur eru næmnigreindar.
- Tíðari almenn skil á gögnum

### **Sértækt eftirlit**

- Heimsóknir í fyrirtæki og bein skoðun á gögnum
- Viðtöl við stjórnendur og forsvarsmenn
- Fundir með stjórn / stjórnarmönnum
- Sérstakt flugöryggislegt eftirlit
- Ákvörðun um eftirfylgni við tilteknar aðstæður

Í þeim tilvikum þegar í ljós kemur að fjárhagur uppfyllir ekki kröfur getur ákvörðun falist í fyrirhugaðri takmörkun á gildistíma flugrekstrarleyfis eða vissum takmörkunum á flugrekendaskírteini enda sé flugöryggi ekki teft í tvísýnu og raunhæfir möguleikar taldir á að fjárhagsleg endurskipulagning takist. Samgöngustofa og tilnefndir sérfræðingar skulu ákvarða saman slíkar takmarkanir m.t.t. fjárhagslegra þátta og flugöryggislegra þ.m.t. mögulegum rekstrarfyrirmælum varðandi flugrekstur.

Ef ljóst er eftir ítarlega athugun að endurskipulagning á fjárhag sé ekki raunhæf að mati tilnefndra sérfræðinga skal undirbúin afturköllun eða takmörkun á flugrekstrarleyfi. Tímasetning á slíkri fyrirhugaðri ákvörðun skal metin eftir aðstæðum og eftir atvikum í samráði við forsvarsmenn flugrekanda.



## 2. Yfirlit um skil á fjárhagsgögnum

Í töflu 1 er yfirlit um helstu gögn sem standa þarf skil á varðandi fjárhagsmat flugrekenda.

Dálkur 1: Gögn sem varða alla flugrekendur um almenn atriði í rg. 1008/2008, þ.m.t. um eignarhald og tryggingar.

Dálkur 2: Í öðrum dálki gögn sem varða loftför í notkun og fyrirhugaða þróun

Dálkur 3: Upplýsingar sem krafist er fyrir viðvarandi eftirlit.

Dálkur 4: Dæmi um viðbótarupplýsingar sem gæti verið krafist.

Taflan er ekki tæmandi þar sem mat á fjárhag er ávallt háð tegund rekstrar og þeim aðstæðum sem flugrekandi starfar við.

Tafla 1 - fjárhagsgögn frá flugrekendum

Gögn krafist frá öllum handhöfum flugrekstrarleyfa skv. 1008/2008	Viðbótarupplýsingar sem er krafist frá handhöfum flugrekstrarleyfa sem reka loftför yfir 10t og/eða 20 farþegasæti eða fleiri.	Viðbótarupplýsingar sem er krafist frá handhöfum flugrekstrarleyfa	Dæmi um aðrar upplýsingar sem gæti verið krafist
Árleg staðfesting á ráðstöfunum vegna trygginga <sup>4</sup> .	Upplýsingar á 6 mánaða fresti um flugflota og fjármögnun <sup>*2</sup>	Ársreikningur Sjóðstreymisyfirlit og lausafjárátlanir næsta árs,	Endurskoðuð rekstraráætlun Afrit af skjölum varðandi fjármögnun, leigusamninga og aðra samninga
Árleg staðfesting á viðeigandi upplýsingum um stjórnun og eignarhaldi eftir því sem við á (t.d. framkvæmdastjórn og þróun í eignarhaldi) <sup>*1</sup>	Upplýsingar á 6 mánaða fresti um fyrirhugaðar þróun í flugflota <sup>*2</sup>	Rekstraryfirlit ásamt lausafjáryfirliti og efnahagsreikningi. T.d. mánaðarlega <sup>*3</sup>	Upplýsingar um skilyrði tengdum fjármögnun (covenants)
		Tilkynningar um veigamiklar breytingar á rekstri	Innanhússuppgjör Næmnigreining á fjárhagslegum þáttum m.v. tiltekna forsendur Sundurliðaðir útgjalda- og tekjuliðir.

\*1: Tilkynnist ef breytingar hafa átt sér stað sem varða umtalsverðar breytingar á stjórnun flugrekendans. Breytingar á eignarhaldi meira en 10% skulu tilkynntar með 14 daga fyrirvara (rg. 1008/2008 8.gr. 5 tl. (c))

\*2: Yfirlitsskjal er fullnægjandi nema að um annað sé beðið.

\*3: Flugrekandi skal, ef um það er tilkynnt, afhenda með reglulega (t.d. mánaðarlega skv. ákvörðun Samgöngustofu) rekstraryfirlit ásamt lausafjáryfirliti og efnahagsreikningi (án tillits til endurskoðunar eða staðfestingar stjórnar)

\*4: Lofthæfi- og skrásetningardeild heldur utan um tryggingar sem er þó ekki kannað með reglubundnum hætti. Kalla skal eftir upplýsingum frá LHD til þess að staðfesta tryggingar fyrir þau loftför sem eru á flugrekendaskírteini. Afla skal viðbótargagna ef þörf krefur.

## 3. Skjalfesting á fjárhagsmati

Við mat á gögnum í öllum framangreindum tilvikum skal tryggja rekjanleika niðurstaðna varðandi fjárhagsmat og skrá samskipti í málakerfi SGS.

Niðurstöður tilnefndra sérfræðinga SGS berast SGS í formi skriflegra álita eða minnisblaða. Þegar niðurstöður um mat eða umræður þar um koma fram á fundum skal fundargerð með helstu niðurstöðum skráð.



Halda skal utan um alla fundi hvort sem um er að ræða fundi með flugrekendum, tilnefndum sérfræðingum, ráðuneyti eða öðrum sem að málinu kunna að koma.

Þegar um er að ræða eftirlit vegna vísbendinga um fjárhagsvanda skal flugrekandi upplýstur um hvenær sérstakt eða ítarlegt eftirlit hefst og fyrirkomulag þess eins og við á. Flugrekendi skal upplýstur með reglubundnum hætti formlega um í hvaða farvegi fjárhagsmatið er sbr. gr. 1.5.

#### 4. Varðveisla á fjárhagsgögnum og trúnaður.

Tilnefndir sérfræðingar varðveita að öllu jöfnu fjárhagsleg gögn sem lagt er mat á f.h. SGS. Gögnin skulu einnig varðveitt í skjalakerfi Samgöngustofu með takmörkuðum aðgangi. Ekki er þó nauðsynlegt að varðveita afrit af gögnum þegar veittur hefur verið aðgangur að kerfum flugrekenda eða gagnaherbergjum enda eru niðurstöður um mat á þeim gögnum til skjalfest.

Trúnaður ríkir um öll fjárhagsleg gögn og mati á þeim. Aðgangur að gögnum í skjalakerfi SGS um mat á fjárhag skal einungis vera fyrir þá sem að matinu koma (viðkomandi starfsmenn flugrekstrardeildar, lögfr. SGS, framkvæmdastjóri og forstjóri).

#### 5. Aðgangur að sérfræðingum

Samningur SGS við tilnefnda sérfræðinga sem varða mat á fjárhag skal vera í gildi hverju sinni nema aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja sérfræðikunnáttu við matið.

Þegar um er að ræða ítarlegt fjárhagsmat getur SGS kallað eftir viðbótarþekkingu., t.d. frá sérfróðum endurskoðendum eða lögmönnum. Skriflegur samningur liggur til grundvallar aðkomu slíkra sérfræðinga.

## Tilvísanir / References

Reglugerð ESB nr. 216/2008

Reglugerð ESB nr. 1008/2008

## Skrár / Records

Umsagnir tilnefndra sérfræðinga SGS, fundargerðir, bréf og önnur matsgögn varðveitt í skjalakerfi SGS. Fjárhagsleg gögn eru varðveit sbr. gr. 4. eða í skjalakerfi SGS.